

Priðjudaginn 28. febrúar 1989.

Nr. 39/1989.

Ákærvaldið

gegn

Björgólfi Guðmundssyni

Ragnari Kjartanssyni

Páli Braga Kristjónssyni

Árna Árnasyni

Sigurþór Charles Guðmundssyni

Þórði Hafsteini Hilmarssyni

Helga Magnússyni

Halldóri Ágústi Guðbjarnasyni

Lárusi Jónssyni

Ólafi Helgasyni

Axel Kristjánssyni

Inga Randveri Jóhannssyni

Valdimar Indriðasyni

Arnbirni Kristinssyni

Garðari Sigurðssyni og

Kristmanni Karlssyni

Kærumál. Vanhæfi dómara.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Þór Vilhjálmsson, Hrafn Bragason og Arnljótur Björnsson, settur hæstaréttardómari.

Jónatan Þórmundsson, sérstakur ríkissaksóknari, skaut hinum kærða úrskurði til Hæstaréttar 9. febrúar sl. samkvæmt heimild í 171. gr. 1. tl. laga nr. 74/1974 um meðferð opinberra mála. Krefst hann þess „að úrskurður sakadóms Reykjavíkur verði felldur úr gildi og að dómsformaðurinn, Pétur Guðgeirsson sakadómari, víki sæti“.

Samkvæmt 2. mgr. 174. gr. laga nr. 74/1974 hefur sökunautum verið sent eftirrit kærumálsins. Frá þeim hafa ekki borist athugasemdir.

Dómsformaðurinn Pétur Guðgeirsson hefur óskað þess að víkja sæti í málinu. Í hinum áfrýjaða úrskurði er hann borinn atkvæðum af samdómendum sínum. Hann telur að hætta sé á að hann geti ekki litið óhlutdrægt á málavexti að því er varðar þá þætti ákær-

unnar sem lúta að viðskiptum Björgólfs Guðmundssonar og X. X er kvæntur föðursystur dómsformannsins Y. Við lögreglurannsókn málsins hafði X réttarstöðu sakaðs manns en Y réttarstöðu vitnis.

Hinn sérstaki ríkissaksóknari bendir sérstaklega á að vegna umfangs málsins sé mikilvægt að dómendur teljist hæfir til að fara með það í heild sinni.

Samkvæmt 6. tl., sbr. 3. tl. og 7. tl. 36. gr. laga nr. 85/1936 um meðferð einkamála í héraði, sbr. 2. mgr. 15. gr. laga nr. 74/1974, þykir eins og hér stendur á rétt að heimila dómsformanninum að víkja sæti í málinu.

D ó m s o r ð:

Dómsformaðurinn, Pétur Guðgeirsson sakadómari, skal víkja sæti í ofangreindu máli.

Úrskurður sakadóms Reykjavíkur 8. febrúar 1989.

Ár 1989, miðvikudaginn 8. febrúar, er kveðinn upp á dómþingi sakadóms Reykjavíkur þessi úrskurður af sakadómurinum Péttri Guðgeirssyni dómsformanni, Ingibjörgu Benediktsdóttur og Arngrími Ísberg.

Við athugun rannsóknarskjala í máli þessu hefur komið í ljós að 3. tl. g í IV. kafla og 6. tl. í VI. kafla fyrri ákærunnar í máli þessu varða viðskipti ákærða Björgólfs Guðmundssonar við X, sem er kvæntur föðursystur dómsformannsins, Péturs Guðgeirssonar, Y. Annars vegar er ákærða Björgólfi gefið að sök að hafa dregið sér 369.000,00 krónur af reikningi hlutafélagsins Hafskips með tékka, útgefnum 1. ágúst 1984, stíluðum á hlutafélagið Sjóstjörnuna og greitt X þessa fjárhæð vegna persónulegra viðskipta þeirra, en látið færa greiðsluna í bókhald Hafskips hf. sem tjón.

Hins vegar er ákærða gefið að sök að hafa í nóvember 1985 misnotað aðstöðu sína hjá Hafskipi hf. með því að gefa eftir skuld X við félagið og nýta eftirgjöfina í persónulegum viðskiptum þeirra.

Við lögreglurannsóknina hafði X stöðu grunaðs manns, sbr. bls. 2879 í XVI. hefti og bls. 3999 í XXI. hefti, en Y stöðu vitnis, sbr. t.d. bls. 2683 í XVI. hefti málskjalanna.

Ef litid er til ákvæða 36. gr. laga nr. 85, 1936 um meðferð einkamála í héraði, sbr. 2. mgr. 15. gr. laga nr. 74, 1974 um meðferð opinberra mála, verður ekki séð að framangreind ákæruatriði standi í vegi fyrir því að

dómsformaður í máli þessu fái litið óhlutdrægt á málavexti eða að vensl hans við framangreint fólk geti að öðru leyti valdið vanhæfi hans til þess að fara með málið. Ber honum því ekki að víkja sæti í því.

Dómararnir Ingibjörg Benediktsdóttir og Arngrímur Ísberg standa að þessari niðurstöðu.

Þ v í ú r s k u r ð a s t:

Dómsformanni, Pétri Guðgeirssyni, ber ekki að víkja sæti í málinu.

Sératkvæði Péturs Guðgeirssonar sakadómara.

Ég skírskota til þeirra málavaxta sem raktir eru í úrskurðinum. Tel ég að þessi sakarefni varði svo þessa nánú venslamenn mína siðferðilega að hætta sé á því að ég fái ekki litið óhlutdrægt á málavöxtu að þessu leyti. Er auk þess á það að líta að hugsanlega gæti reynt á vitnaskyldu Y í málinu með úrskurði, sbr. t.d. 91. gr. laga um meðferð opinberra mála. Tel ég því rétt, með vísan til 6. tl., sbr. 3. og 7. tl. 36. gr. laga um meðferð einkamála í héraði, sbr. 2. mgr. 15. gr. laga um meðferð opinberra mála, að ég víki sæti í málinu.
